

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 144/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Bjartmari Vigni Þorgrímssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Áfengislög. Upptaka. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsí-
ákvörðun og lagaatriðum, en af hálfu ákærvalds var því skotið til
Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1994 til þyngingar á refsingu. Við
munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds
krafist staðfestingar á upptöku.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta
hann um annað en upptöku sykurs, en til upptöku hans skortir laga-
heimild.

Með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík 7. febrúar 1994 var
ákærða gefið að sök að hafa framleitt allt að 300 lítra af gambra og
allt að 16 lítra af sterku áfengi auk sölu á einum og hálfum lítra
áfengisins. Er ákærði hafði verið yfirheyrður fyrir dómi, féll ákær-
andi frá öllum ákæruatriðum að undanskilinni framleiðslu á 12 lítr-
um af áfengi, þótt ekkert nýtt hefði komið fram að öðru leyti frá út-
gáfu ákæru. Svo sem héraðsdómari greinir frá, eru í sömu ákæru
ekki talin upp öll tæki og efni til áfengisgerðar, sem upptökukrafan
lýtur að, svo sem rétt og skylt var, heldur látið við það sitja að vísa í
gögn málsins. Þykir þessi málatilbúnaður af hálfu ákærvalds ámælis-
verður.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði
greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en upp-töku sykurs.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði, Bjartmar Vignir Þorgrímsson, greiði allan áfrýjunar-kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. febrúar 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 16. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykja-víkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni hér-aðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 75/1994: Ákærvaldið gegn Bjartmari Vigni Þorgrímssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dómnum með tveimur ákæruskjölum lögreglu-stjórans í Reykjavík á hendur ákærða, Bjartmari Vigni Þorgrímssyni, Mánagötu 14 í Reykjavík, kt. 100251-4198.

Með ákæruskjali, dagsettu 31. janúar sl., er höfðað mál á hendur ákærða „1. fyrir að framleiða í nóvember 1993 að heimili sínu 10 lítra af sterku áfengi og 250 lítra af gamba,

2. fyrir að framleiða að heimili sínu 80 lítra af gamba í byrjun desember 1993.

Þetta telst varða við 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1988 og 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta skv. 8. gr. nefndra áfengislaga, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1988 og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, upptöku á 10 lítrum af sterku áfengi og 250 lítrum af gamba auk þriggja tunna og eimingartækja, sem lögregla lagði hald á að Mánagötu 14 þriðjudaginn 30. nóvember 1993, og 80 lítrum af gamba og einni tunnu, sem lögregla lagði hald á að Mánagötu 14 þriðjudaginn 7. desember 1993.“

Pá er höfðað mál á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 7. febrúar sl., „fyrir að framleiða að heimili sínu í desember 1993 allt að 300 lítrum af gamba og allt að 16 lítrum af sterku áfengi og selja þar af Hafþóri Heiðarsyni, kt. 080468-4749, einn og hálfan lítra af sterku áfengi.

Þetta telst varða við 7. og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1988 og 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upp-töku skv. 8. gr. nefndra áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á allt að 300 lítrum af gamba og allt að 16 lítrum af sterku áfengi auk eimingartækja, þriggja tunna auk annarra tækja og efna, sem upp eru talin í skjali nr. 1 á bls. 1 og 2 og lögregla lagði hald á við húsleit á heimili ákærða laugardaginn 25. desember 1993“.

Ákæran frá 7. febrúar sl. er færð í skrár dómsins sem sakamál nr. 91/1994, en ákærurnar verða báðar dæmdar sem sakamál nr. 75/1994.

Við meðferð málsins hefur ákærandi dregið til baka þær sakargiftir í yngri ákæru, að ákærði hafi framleitt 300 lítra af gamba, lækkað ákærðan lítrafjölda sterks áfengis úr allt að 16 lítrum í 12 lítra og fallið frá því að ákæra fyrir sölu á áfengi til Hafþórs Heiðarssonar.

Eftir framangreindar breytingar á sakargiftunum liggur fyrir játning ákærða á sakargiftunum að öðru leyti og því skilyrði til þess að dæma málið á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Með skýlausum játningum ákærða, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákærunum tveim, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á sakargiftunum við meðferð málsins. Er háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákærunum að öðru leyti en því, að þar sem ákærði er ekki sakfelldur fyrir sölu áfengis, hefur hann ekki brotið gegn 18. gr. áfengislaga.

Ákærði hefur frá árinu 1972 hlotið 12 refsíðóma fyrir umferðarlagabrot, skjalafals, fjársvik og áfengislagabrot. Þá hefur ákærði 12 sinnum frá árinu 1967 og til þessa gengist með sáttum og viðurlagaákvörðun undir að greiða sektir fyrir ýmis brot, aðallega á umferðarlögum og áfengislögum, þ. á m. frá árinu 1986 fjórum sinnum fyrir sölu áfengis, síðast 2. mars 1993 og þá einnig fyrir bruggun. Frá árinu 1990 hefur ákærði verið dæmdur fjórum sinnum fyrir sölu áfengis og í tvö skiptin einnig fyrir bruggun, þ.e. í maí 1992 og 1. desember sl.

Ákærða verða í máli þessu ákvörðuð viðurlög í áttunda skiptið frá árinu 1986, ýmist fyrir sölu eða bruggun áfengis, en einu sinni var ákærða ekki gerð sérstök refsing, þar sem um hegningarauka hefði verið að ræða. Með viðurlagaákvörðuninni 2. mars sl. voru afgreidd fjögur brot ákærða og með dóminum 1. desember sl. voru einnig afgreidd fjögur brot.

Við refsíákvörðun í máli þessu verður tekið tillit til óvenjulega langs brotaferils ákærða við bruggun og/eða sölu tilbúins áfengis og hins harða brotavilja ákærða, en hann var staðinn að bruggun daginn fyrir síðasta dóm sinn, aftur viku síðar og loks á jólanóttina. Með hliðsjón af þessu öllu og 77.

gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða nú hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Þá eru skilyrði til þess að gera upptækt til ríkissjóðs samkvæmt 8. gr. áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga allt það sterka áfengi, gamba og tæki og efni til áfengisgerðar, sem lagt var hald á heima hjá ákærða í umrædd tvö skipti og upp er talið í ákærunum með áðurgreindum breytingum. Hins vegar er það aðfinnsluvert, að ekki eru talin upp í síðari ákæru öll þau tæki og efni til áfengisgerðar, sem upptökukrafan lýtur að, en látið nægja að vísa í gögn málsins. Eftir atvikum þykir þó eigi alveg næg ástæða til þess að vísa þessari kröfugerð frá dóminum vegna þessa galla, enda ljóst, að með sakfellingu ákærða eru ekki skilyrði til þess, að ákærði fái í hendur áðurgreinda hluti, sem eru greinilega tilgreindir í gögnum málsins. Ber að gera upptækt til ríkissjóðs, eins og nánar greinir í dómsorði, allt það sterka áfengi og tæki og efni til áfengisgerðar, sem lagt var hald á heima hjá ákærða í áðurgreind þrjú skipti. Þó er ekki hægt að kveða á um upptöku á þeim gamba, sem þegar er búið að hella niður. Hins vegar ber að gera upptæk þau sýni, sem tekin voru af gambranum, þ.e. afganginn af þeim 330 lítrum, sem lögreglan lagði hald á í þau tvö skipti, sem tilgreind eru í eldri ákæru, og helldi niður án heimildar, að séð verður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bjartmar Vignir Þorgrímsson, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Upptækt er til ríkissjóðs allt að 22 lítrar af sterku áfengi, afgangur af allt að 330 lítrum af gamba, sjö tunnur, þrír plastbrúsar, ein lítraflaska, sía, sigtunarbúnaður, 10 kg af sykri, þrjár tengur, áfengismælir og tvö eimingartæki.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.